



BANDALAG HÁSKÓLAMANNA

LÁGMÚLA 7 - SIMAR 812090, 812112 - FAX 679239 - PÓSTHÓLF 8801 - 128 REYKJAVÍK

Alþingi

Erindi nr. D 115 / 1686

komudagur 19.18.1992

Utanríkismálanefnd
Hr. Eyjólfur Konráð Jónsson
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. júlí 1992

Alit á vissum þáttum samnings um Evrópskt efnahagssvæði.

Með bréfi utanríkismálanefndar Alþingis dags. 12. júní 1992 er Bandalagi háskólamanna gefinn kostur á að senda nefndinni álit á þeim þáttum samnings um Evrópskt efnahagssvæði sem bandalagið varðar.

Formenn BHM hafa setið í samráðsnefnd stjórnvalda og hagsmunaaðila vegna samningsins og hafa þar einkum fylgst með samstarfsverkefnum á sviði mennta og rannsókna, gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum og vinnumarkaðsmál. Í þessum málaflokkum hefur BHM átt samstarf við samtök háskólamanna á Norðurlöndum.


Samstarfsverkefni á sviði æðri menntunar og rannsókna eru utan við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og hafa Íslendingar nú þegar gerst aðilar að þeim helstu.

Varðandi samninga um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina leggur BHM sérstaka áherslu á að hvergi verði slakað á menntunarkröfum þannig að ekki verði hætt á að íslenskir háskólamenn verði að sæta því að fólk með minni menntun taki við störfum þeirra. Einnig er lögð áhersla á að munur á lengd háskólanáms frá einu landi til annars verði ekki jafnaður með starfsreynslu.

Nú eru verulegar líkur á því að atvinnuleysi fari vaxandi meðal háskólamanna á næstu árum. Bandalag háskólamanna hefur því fylgst með umræðunni í tengslum við samninga um Evrópskt efnahagssvæði um frjálsa fólksflutninga og rétt til starfa. Telja má líklegt að samningurinn opni ýmsar leiðir fyrir íslenska háskólamenn til starfa erlendis og óttast reyndar ýmsir að þessir möguleikar geti leitt til atgerfisflóttu frá landinu. Á móti hefur verið á það bent að hindranir á hinum ýmsu sviðum mannlífsins séu svo miklar að ólíklegt sé að verulegar breytingar verði á vinnumarkaði innan EES svæðisins með gildistöku samningsins.

Vegna fámennis þjóðarinnar hafa Íslendingar sótt mikið af æðri menntun til annarra landa og mun svo verða um fyrirsjáanlega framtíð. Því er afar mikilvægt að sérstaða Íslendinga að þessu leyti verði virt bæði að því er varðar aðgang að háskólum og viðurkenningu á prófskírteinum frá löndum utan EES svæðisins.

Virðingarfyllst.
Bandalag háskólamanna


Sigmundur Stefánsson